



SAMRÆÐA: HUGSUN OG TUNGUMÁL JANÚAR 2007

Er hægt að hugsa án tungumáls? Hvernig?

- Já, hundar hugsa:
 - Hvernig sannar þú það?
 - Ef hundur hefur séð eitthvað, þá lærir hann af því, t.d. að maturinn sé alltaf í matarskálinni og „mamma” gefi honum að borða. Hundar hafa minni, þeir þekkja fjölskylduna sína.
- Er minni hugsun?
- Er munur á lægri og æðri hugsun? Hefur hundur bara lægri hugsun?
 - Hundur hefur meira en bara „reflex”
- Menn hugsa um hvað þeir hugsa:
 -
- Menn eru einu dýrin sem eru meðvitaðir um að þeir muni deyja:
 - Nei, hundar verða hræddir frammi fyrir dauðanum
 - En þeir vita ekki langt fram í tímann að þeir muni deyja

Planta	Hundur	Maður
- viðbragð við áreiti - hlutir gerast við plöntuna	-minni Lærir af reynslu Þekkir umhverfi sig Hann gerir eitthvað Hann skammast sín	
Minni aðlögunarhæfni	Hafa hundar tungumál? Þekkir orð Hefur body language Hafa bíflugur tungumál? -dansa til að senda skilaboð sín á milli -þær kenna ekki afkvæmum sínum, t.d. að fljúga eins og fuglar gera	

En marglytta? Hugsar hún?

Af WIKI 19. janúar:

Manneskja sem getur hvorki séð né heyrt, og hefur ekki lært að tjá sig með snertingu - getur hún hugsað?

Manneskja getur enn hugsað þó að hún hafi ekki lært að tjá sig. Hún hefur enn þarfir sem þarf að uppfylla, hún finnur fyrir snertingu og öllum líkamlegum breytingum. Þó hún hugsar ekki með orðum þá gæti hún hugsað ef til vill í tilfinningu eða minningum um snertingu. T.d. ef að manneskja hugsar um að fara e-ð þá finnur manneskjan ef til vill tilfinninguna hvernig er að labba í staðinn fyrir eins og við sjáum fyrir okkur hvert við erum að fara (í huganum; sjáum leiðina sem við þurfum að ganga). - Anna Katrín

Já ég trúi því að hún geti hugsað. Hugsunin myndi vera mun frumstæðari og allt allt öðruvísi, minna e.t.v meira á hugsun sumra dýra (einfaldara), því að þennan aðila vantar tvö mikilvægustu skilningarvitin þegar kemur að hugsun, sjón og heyrn. T.d þá hugsum við á tungumáli og í myndum. En þessi aðili hefur það samt fram yfir önnur dýr að hann/hún er HOMO SAPIENS hvort sem hana vantar hitt eða þetta. -Vala Kristín

Manneskja sem hefur verið í einangrun, t.d. barn sem hefur verið læst í kjallaraholu, án samskipta við annað fólk - getur sú manneskja hugsað?

Já, þetta er eins og með manneksjuna fyrir ofan. Hugsunin er náttúrulega ansi heft og óþroskuð en hún er þó til staðar. Manneskja sem er í einangrun hefur hugsun, t.d. henni líður illa. Þá hugsar hún ekki af hverju henni líður illa heldur bara að henni líður illa, ekkert endilega í orðum (náttúrulega ekki ef hún kann engin) heldur frekar tilfinningunni *illa*. - Anna Katrín

En tungumál! TUNGU-mál það sem maður "segir/gerir með tungunni ekki satt? (Ragnheiður)

Framhald samræðu í tíma 19. janúar:

Maður getur alveg lifað án tungumáls. Er hægt að lifa án tjáningar og hugsunar og samskipta.

Það er ekki hægt að lifa án samskipta, sbr. Ungabörn sem deyja ef þau fá enga snertingu/umhyggju, þótt þau fái að borða og svoleiðis.

Manneskja sem hvorki heyrir né sér vantar utanaðkomandi áreiti, eins og manneskjan sem er lokuð inni. Hvorug þeirra getur þroskað hugsunina, því þeir hafa ekkert til að hugsa um.

- Sá sem er ekki innilokaður er í betri stöðu því hún getur haft samskipti
- Sá sem er innilokaður hefur engan möguleika á samskiptum og fær ekkert áreiti

Er um við að segja að þetta barn, einangraða, sé of tóm? Þ.e. það sitji bara, geri ekki neitt, viti ekki neitt og þess vegna gerist ekkert.

- Já, barnið fær enga örvun, þess vegna gerist ekki neitt í huganum hjá því, það upplifir bara sjálft sig, fær aldrei neitt nýtt, hugsar kannski í tilfinningum sínum, en ekkert gerist meira

Tengsl við spurningu Jakobs: getur maður hugsað um eitthvað sem maður hefur aldrei séð?

- Getur sprottið upp hugsun um eitthvað sem maður hefur aldrei upplifað á nokkurn hátt?
- Er maðurinn óskrifað blað? Eða erfist eitthvað? Höfum við einhverja meðfædda hæfileika?

Framhald samræðu í tíma 23. janúar:

Hugsa allir eins?

Maðurinn er ekki alveg óskrifað blað, ekki alveg tómur. En hugsunin sprettur samt ekki af engu.

Við erum með litninga og gen, en þessir líkamlegu erfðapættir mótast af því sem gerist.

Eru það genin sem breytast/mótast? Nei.....

Ef ég er skapstór.... svo get ég lært að hafa stjórn á skapi mínu.....

Ofbeldi, t.d. ef ég elst upp við ofbeldi þá er það líklegt til að hafa áhrif á mann.

Barn: þegar það fæðist hefur það hugsun en mjög takmarkaða. Það hefur vilja, tilhneigingu til að gera eitthvað, vilja til að lifa áfram og verða hamingjusamur. Tilfinningar, líkamlegar þarfir eru bara í mannum, í öllum eins – allir vilja vera happy.

Þegar við fæðumst höfum við misjafn hæfileika til að læra, misjafnan vilja, hljótum að verða ólík þess vegna.

Sumir þurfa meiri ástúð, mat, snertingu.... aðrir þurfa minna og sjá meira um sig sjálfir. Við höfum ólíkar þarfir og mótum þess vegna ekki eins.

Sama reynsla þýðir ekki sömu upplifan.

Af hverju hefur fólk ólíkar skoðanir?

Kannski af því að við erum ólík í grunninn...

Hvað segja dæmin af eineggja tvíburum okkur?

Hvað um krakka sem upplifir aldrei neitt nýtt, hvað gerist þá?

Það byrja allir með sama pakkann??

Ef 32 börn alast frá fæðingu upp við NÁKVÆMLEGA sama uppeldið, verða þau þá eins?
Sama reynsla þýðir ekki sömu upplifan.